



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Alþingi
Erindi nr. P 140/1033
komudagur 14.2.2012

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

14. febrúar 2012
Tilvísun: 2012010351

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um kjararáð og lögum um Stjórnarráð Íslands, 365. mál.

Við er til erindis frá nefndasviði Alþingis þann 31. janúar 2012 þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um kjararáð og Stjórnarráð Íslands, 356. mál.

I. 3. gr. frumvarpsins

Með 3. gr. frumvarpsins er Kjararáði veitt heimild til að ákvarða föst laun fyrir dagvinnu hærri en föst laun forsætisráðherra, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 47/2006, ef laun forsætisráðherra eru ekki í samræmi við markmið 1. málsl. 1. mgr. og 2. mgr. 8. gr. laganna.

Ákvæði 1. mgr. 8. gr. er svohljóðandi: „Við úrlausn mála skal kjararáð gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. [Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra skv. 3. gr.]” Við ákvörðun launakjara skv. 4. gr. skal kjararáð sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs skv. 3. gr. hins vegar.“

Markmið 1. málsl. 1. mgr. 8. gr. laganna er annars vegar að innbyrðis samræmi sé í starfskjörum þeim sem Kjararáð ákveður og hins vegar að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Síðara markmiðið fer saman við markmið 2. mgr. 8. gr. laganna, en ákvæðið er svohljóðandi: „Kjararáð skal ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði.“

Tillaga

Fjármálaeftirlitið vill benda á að þau tvö markmið sem 1. málsl. 1. mgr. 8. gr. laganna fjallar um, geta eftir atvikum stangast á. Því væri rétt að taka af skarið um hvort Kjararáð skuli gæta að innbyrðis samræmi í starfskjörum sem það ákveður eða horfa til launa í þjóðfélaginu og almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði þegar þessi markmið stangast á.

II. Almennar athugasemdir

Þrátt fyrir að Fjármálaeftirlitið geri ekki frekari athugasemdir við efni frumvarpsins vill það benda á nokkur atriði sem varða gildissvið laga nr. 47/2006, og aðila sem falla undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins, sbr. 2. mgr. 1. gr. laganna.



FJÁRMÁLAEFTIRLITID

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Ákvörðunarvald fært úr höndum hluthafafundar til eins hluthafa

Lög um kjararáð nr. 47/2006 fela Kjararáði að ákveð laun og starfskjör framkvæmdastjóra hlutafélaga og annars konar félaga, einkaréttareðlis, sem eru að meiri hluta í eigu ríkisins, sbr. 2. mgr. 1. gr. laganna.

Sé horft til hlutafélagalaga nr. 2/1995 fer hluthafafundur með æðsta vald í málefnum hlutafélags og hluthafar fara með ákvörðunarvald sitt í málefnum félagsins á hluthafafundum sbr. 80. gr. laganna. Fjármálaeftirlitið bendir á að Bankasýsla ríkisins fer með eignarhluti ríkisins í fjármálfyrirtækjum, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga um Bankasýslu ríkisins nr. 88/2009, og fer m.a. með atkvæði ríkissjóðs á hluthafafundum fjármálfyrirtækja og á fundum stofnfjáreigenda sparissjóða. Hluthafafundur kys stjórn, sbr. 2. mgr. 63. gr. hlutafélagalaga, og er félagsstjórn falið að ákveða laun og starfskjör framkvæmdastjóra, sbr. 2. mgr. 78. gr. nefndra laga. Hlutafélagalög gera auk þess ráð fyrir að félagsstjórn samþykki starfskjarastefnu félags varðandi laun og starfskjör m.a. framkvæmdastjóra, sbr. 79. gr. a laganna.

Með 2. mgr. 1. gr. laga um Kjararáð nr. 47/2006 er ákvörðunarvald um laun og starfskjör framkvæmdastjóra fært úr höndum félagsstjórnar til Kjararáðs í þeim tilfellum sem ríkið er meirihlutaeigandi viðkomandi félags. Í stað þess að ríkið feli Kjararáði ákvörðunarvald um laun og starfskjör framkvæmdastjóra umræddra félaga án tillits til minni hluthafa, gæti ríkið haft áhrif á laun og starfskjör framkvæmdastjóra félaga í meirihlutaeigu ríkisins á sama hátt og aðrir hluthafar, þ.e. í gegnum félagsstjórn og samþykkt starfskjarastefnu. Þannig væri jafnræði hluthafa betur tryggt og samkeppnisskilyrði jöfnuð.

Í ljósi framangreinds telur Fjármálaeftirlitið rétt að huga að því að ákvarðanir um laun og starfskjör framkvæmdastjóra þeirra félaga sem falla undir 2. mgr. 1. gr. laga um kjararáð nr. 47/2006, verði færðar á ný til stjórna þessara félaga.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITID

Haldóra E. Ólafsd.
Halldóra E. Ólafsdóttir

Hildur Jóna Júlíusd.
Hildur Jóna Júlíusdóttir